

REGLUGERÐ

um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

Skýringar: Í reglugerð þessari getur deild merkt hvort heldur sem er sérstakt sjúkrahús, sem annast sjúklinga með tiltekna tegund sjúkdóma (sér sjúkrahús), eða samsvarandi einingu í sjúkrahúsi (sérdeild). Læknamiðstöð merkir stofnun í skilningi læknaskipunarlaga.

Umsóknir um lækningaleyfi og sérfræðileyfi ásamt staðfestum vottorðum yfirmanna og öðrum nauðsynlegum fylgiskjöllum skal stíla til ráðuneytis þess, sem fer með heilbrigðismál, en senda til landlæknis.

I. Lækningaleyfi.

1. gr.

Til þess að kandidát í læknisfræði geti átt rétt á að öðlast ótakmarkað lækningaleyfi og að heita lækni, skal hann að prófi loknu hafa lokið því framhaldsnámi, er hér greinir:

- a) Hann skal hafa unnið kandidatsstörf eða samsvarandi aðstoðarlæknisstörf á viðurkenndu deildaskiptu sjúkrahúsi (eða sjúkrahúsum) í samtals 12 mánuði, og skal starfinu skipt milli minnst þriggja af eftirtöldum sex deildum:

barnadeild
geðdeild
kvendeild
lyfjadeild
skurðdeild
slysadeild.

Skylt skal þó öllum að starfa á lyfjadeild, skurðdeild og kvendeild. Lágmarkstími á deild skal vera 2 mánuðir.

Í stað starfs á deildaskiptu sjúkrahúsi má koma starf á viðurkenndu óskiptu sjúkrahúsi, sem hefur á að skipa sérfræðingum í þeim greinum, sem kandidát velur sér.

- b) Um skylduþjónustu læknakandidata í læknishéraði fer eftir læknaölögum, nr. 80/1969, sbr. augl. nr. 63/1963 og auglýsingar nr. 219/1963 og nr. 246/1964 um breytingu á þeirri auglýsingu.

II. Sérfræðileyfi.

2. gr.

Til þess að kandidát í læknisfræði geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi, skal hann hafa fullnægt þeim kröfum, er hér greinir:

- a) Hann skal að jafnaði hafa lokið framhaldsnámi samkv. a-lið 1. greinar, áður en sérnám er hafið.
- b) Hann skal hafa hlotið ótakmarkað lækningaleyfi hér á landi samkv. 1. gr.
- c) Hann skal hafa stundað framhaldsnám að frjálsu vali í 12 mánuði eða starfað við lækningar í 12 mánuði. Heimilt er að ljúka starfi samkv. lið b, 1. gr., á þessum tíma.
- d) Hann skal hafa fullnægt ákvæðum 3. og 4. greinar.
- e) Hann skal hafa samið ritgerð um læknisfræðilegt efni, er að verulegu leyti sé reist á eigin athugun og rannsókn og fengið hana birta eða samþykkt til birtingar í læknatímariti, og skal greinin jafnframt hafa verið talin fullnægjandi að mati læknadeildar. Slíkrar ritgerðar er ekki krafist af umsækjanda, sem hefur lokið doktorsprófi, sem læknadeild metur gilt.

3. gr.

Sérnám samkvæmt 4. grein má einungis fara fram á þeim sjúkrahúsum (stofnunum), sem viðurkennd eru til slíks sérnáms í heimalandi sínu. Ráðherra veitir sjúkrahúsum hér á landi slíka viðurkenningu að undangengnu mati á starfsemi þeirra og ákveður jafnframt, hversu mikill hluti af sérnámi megi fara þar fram, allt samkvæmt tillögum læknaeildar. Læknar þeir, sem sérnám stunda, skulu vera aðstoðarlæknar í fullu starfi á þeim sjúkrahúsum (stofnunum), þar sem þeir nema. Frá þessu ákvæði má þó veita undanþágu, ef önnur námstílhögun þykir jafngild að mati læknaeildar. Nám á sérfræðinámskeiði má viðurkenna í stað takmarkaðs hluta tilskilins starfstíma á sjúkrahúsi (stofnun).

Veita má sérfræðileyfi lækni, sem hefur lokið sérfræðiprófi, er læknaeild metur gilt, og eins þótt námstílhögun sé frábrugðin ákvæðum 4. greinar, þar á meðal um tímalengd. Sama gildir um lækni, sem hefur fengið sérfræðiviðurkenningu í landi því, sem hann hefur stundað námið í. Sérfræðileyfi verður þó aðeins veitt þeim, er réttindi þessi hafa á Norðurlöndum, Bretlandi, Bandaríkjunum eða löndum, sem gera hliðstæðar kröfur til sérfræðileyfa. Læknar, sem sérfræðileyfi hljóta á þennan hátt, eru þó ekki undanþegnir þeirri skyldu að semja ritgerð, sbr. e-lið 2. greinar.

4. gr.

Sérfræðileyfi má veita í eftirtöldum greinum læknisfræði, að loknu sérnámi, er greinir undir hverjum lið, sbr. 2. og 3. grein:

I. Augnlækningar:

- a. 3 ár á augnaeild.
- b. $\frac{1}{2}$ ár á lyfjagæild.
- c. $\frac{1}{2}$ ár á taugagæild.

II. Barnalækningar:

1. Almennar barnalækningar.
 - a. 3 ár á almennri barnagæild.
 - b. $\frac{1}{2}$ ár á barnagæðgæild.
 - c. $\frac{1}{2}$ ár á lyfjagæild.
 - d. $\frac{1}{2}$ ár á gæild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
2. Veita má sérfræðileyfi í hliðargreinum barnalækninga, svo sem barnahjartalækningum, barnaefnaskiptalækningum, barnataugalækningum o. s. frv., ef fullnægt er þessum skilyrðum:
 - a. 2 ár á almennri barnagæild.
 - b. $\frac{1}{2}$ ár á lyfjagæild eða $\frac{1}{2}$ ár á gæðgæild barna, eftir því um hvaða hliðargrein er að ræða.
 - c. 2 ár á sérdeild fyrir hliðargreinina.
 - d. $\frac{1}{2}$ ár á gæild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir. Nám í þeirri hliðargrein, sem valin hefur verið sem sérgrein, fullnægir ekki þessu ákvæði.
3. Barnaskurðlækningar. Sjá XIII, 4.
4. Barnagæðlækningar.
 - a. 2 ár á sérdeild fyrir hliðargreinina.
 - b. 1 ár á barnagæild.
 - c. 1 ár á gæðgæild fyrir fullorðna.
 - d. $\frac{1}{2}$ ár á gæild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.

III. Geðlækningar.

1. a. 3 ár á deild fyrir sjúklinga með bráða og langvinna geðsjúkdóma allra tegunda, ella 1 ár hið minnsta á deild fyrir hvorn sjúklingahóp, þó alls 3 ár.
- b. 1 ár á lyfjadeild eða 1 ár á taugadeild eða $\frac{1}{2}$ ár á hvorri deild fyrir sig.
- c. $\frac{1}{2}$ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
2. Veita má sérfræðileysi í hliðargreinum geðlækninga, svo sem réttargeðlækningum, félagsgeðlækningum o.s. frv., ef fullnægt er þessum skilyrðum:
 - a. 2 ár á geðdeild samkv. 1. a.
 - b. 2 ár á sérdeild fyrir hliðargreinina.
 - c. $\frac{1}{2}$ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
3. Barnageðlækningar. Sjá II, 4.

IV. Geislalækningar:

1. Geislagreining.
 - a. $3\frac{1}{2}$ ár á geislagreiningardeild.
 - b. $\frac{1}{2}$ ár á skurðeild eða lyfjadeild.
 - c. $\frac{1}{2}$ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
2. Geislalækning.
 - a. 3 ár á geislalækningadeild.
 - b. $\frac{1}{2}$ ár á geislagreiningardeild.
 - c. $\frac{1}{2}$ ár á skurðeild, lyfjadeild eða krabbameinsspítala.
 - d. $\frac{1}{2}$ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.

V. Háls-, nef og eyrnalækningar:

- a. 3 ár á háls-, nef- og eyrnadeild.
- b. 1 ár á skurðeild.

VI. Heimilislækningar:

- a. 1 ár á lyfjadeild.
- b. 2 ár samtals á eftirtöldum deildum: barnadeild
geðdeild
kvendeild
skurðeild.

Lágmarkstími á deild skal vera 4 mánuðir.

- c. 1 ár undir handleiðslu sérfræðings í heimilislækningum eða reynds heimilislæknis eða héraðslæknis, sem læknadeild metur hæfa til þessarar kennslu. Æskilegt er, að lækirinn kynnist starfsemi læknameiðstöðva og heilsuverndarstöðva á þessum tíma.
- d. $\frac{1}{2}$ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
- e. Í stað náms skv. a, b, c og d liðum má koma að nokkru eða öllu leyti kerfisbundið nám í heimilislækningum, sem stundað er í löndum, þar sem slíku námi er haldið uppi, og eins þótt um styttri heildartíma sé að ræða en greinir í ívitnuðum liðum, ef viðkomandi hefur hlotið fulla sérmenntun í greininni skv. kröfum þeim, sem gerðar eru í því landi, enda viðurkennt af læknadeild.

- f. Sérfræðiviðurkenningu í þessari sér grein má veita lækni, sem hefur verið héraðslæknir eða haft heimilislækningar að aðalstarfi í minnst 8 ár, er reglugerð þessi tekur gildi, enda hafi hann að mati læknaeildar aflað sér þekkingar í starfinu á borð við það, sem krafizt er í liðum a—c.

VII. Embættislækningar:

Sama og VI, a, b og c að viðbættu minnst 6 mánaða námi í heilbrigðisfræði, félagslækningum og/eða heilsuvernd á viðurkenndum stofnunum, enda ljúki því með prófi eða vottorði.

Ef námið er lengra en 6 mánuðir, er heimilt að stytta starfstíma skv. VI, c sem því nemur.

VIII. Húð- og kynsjúkdómalækningar:

a. 3 ár á húð- og kynsjúkdómadeild.

b. 1 ár á lyfjadeild.

c. $\frac{1}{2}$ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.

Í stað vistar á húð- og kynsjúkdómadeild má koma $2\frac{1}{2}$ árs vist á húðsjúkdómadeild og $\frac{1}{2}$ árs vist á kynsjúkdómadeild eða lækningastöð fyrir kynsjúkdóma. Heimilt er að veita sérfræðiviðurkenningu í hvorri grein fyrir sig, ef lið a er fullnægt, að því er hlutaðeigandi sérdeild snertir, enda sé einnig fullnægt liðum b og c.

IX. Kvenlækningar:

a. $2\frac{1}{2}$ ár á kvendeild.

b. 1 á á almenntri skurðeild.

c. $\frac{1}{2}$ ár á lyfjadeild eða deild fyrir innkirtlasjúkdóma.

d. $\frac{1}{2}$ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.

X. Lyflækningar:

1. Almennar lyflækningar.

a. $3\frac{1}{2}$ ár á almenntri lyfjadeild.

b. $\frac{1}{2}$ ár á geðdeild.

c. $\frac{1}{2}$ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.

2. Veita má sérfræðileysi í hliðargreinum lyflækisfræði, svo sem í hjartalækningum, lungnalækningum, nýrnalækningum, efnaskipta- og innkirtlalækningum, meltingarfæralækningum, gigtlækningum o. s. frv., ef fullnægt er þessum skilyrðum:

a. 2 ár á lyfjadeild.

b. 2 ár á sérdeild fyrir hliðargreinina.

c. $\frac{1}{2}$ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir. Nám í þeirri hliðargrein, sem valin hefur verið sem sérgrein, fullnægir ekki þessu ákvæði.

XI. Meinafræði:

1. Blóðmeinafræði.

a. 3 ár á blóðmeinafræðistofnun.

b. 1 ár í annarri grein meinafræði eða annarri grein raunvísinda, sem talin er stuðla sérstaklega að menntun læknis sem meinafræðings.

2. Liffærameinafræði.
 - a. 3 ár á liffærameinafræðistofnun.
 - b. 1 ár í annarri grein meinafræði eða annarri grein raunvísinda, sem talin er stuðla sérstaklega að menntun læknis sem meinafræðings.
3. Meinalífeðlisfræði.
 - a. 3 ár á meinalífeðlisfræðistofnun.
 - b. 1 ár í annarri grein meinafræði eða annarri grein raunvísinda, sem talin er stuðla sérstaklega að menntun læknis sem meinafræðings.
4. Meinefnafræði.
 - a. 3 ár á meinefnafræðistofnun.
 - b. 1 ár í annarri grein meinafræði eða annarri grein raunvísinda, sem talin er stuðla sérstaklega að menntun læknis sem meinafræðings.
5. Sýklafræði.
 - a. 3 ár á sýklafræðistofnun.
 - b. 1 ár í annarri grein meinafræði eða annarri grein raunvísinda, sem talin er stuðla sérstaklega að menntun læknis sem meinafræðings.

XII. Orkulækningar:

- a. 2 á á orkulækningadeild.
- b. 1 ár á lyfjadeild eða $\frac{1}{2}$ ár á lyfjadeild og $\frac{1}{2}$ ár á gigtsjúkdómadeild.
- c. $\frac{1}{2}$ ár á bæklunarsjúkdómadeild.
- d. $\frac{1}{2}$ ár á taugasjúkdómadeild eða taugaskurðeild.
- e. $\frac{1}{2}$ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.

XIII. Skurðlækningar:

1. Almennar skurðlækningar.
 - a. $3\frac{1}{2}$ ár á almennri skurðeild.
 - b. 1 ár samtals á deild eða stofnun fyrir eina eða tvær hliðargreinar eða stuðningsgreinar sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
2. Veita má sérfræðileysi í hliðargreinum skurðlækninga, svo sem í brjóstholsskurðlækningum, þvagfæraskurðlækningum, skapnaðarlækningum, æðaskurðlækningum og handaskurðlækningum, ef fullnægt er þessum skilyrðum:
 - a. 2 ár á almennri skurðeild.
 - b. 2 ár á sérdeild fyrir hliðargreinina.
 - c. $\frac{1}{2}$ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir. Námi í þeirri hliðargrein, sem valin hefur verið sem sérgrein, fullnægir ekki þessu ákvæði.
3. Veita má sérfræðileysi í taugaskurðlækningum og bæklunarlækningum, ef fullnægt er þessum skilyrðum:
 - a. 3 ár á sérdeild fyrir greinina.
 - b. 1 ár á almennri skurðeild.
 - c. $\frac{1}{2}$ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja undirgrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
4. Barnaskurðlækningar.
 - a. 2 ár á almennri skurðeild.
 - b. 2 ár á sérdeild fyrir hliðargreinina.
 - c. $\frac{1}{2}$ ár á barnadeild.

Æskilegt er, að námi skv. lið c sé lokið, áður en nám skv. lið b hefst.

XIV. Svæfingar og deyfingar:

- a. 3 ár á svæfingadeild að meðtalinni gjörgæzludeild.
- b. $\frac{1}{2}$ ár á lyfjadeild.
- c. $\frac{1}{2}$ ár á skurðeild.
- d. $\frac{1}{2}$ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.

XV. Taugalækningar:

- a. 2 ár á taugadeild.
- b. $\frac{1}{2}$ ár á geðdeild.
- c. 1 ár á lyfjadeild.
- d. $\frac{1}{2}$ ár á taugaskurðeild.
- e. $\frac{1}{2}$ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.

Í stað náms skv. a og c má koma 3 ára vist á lyfjadeild, viðurkenndri til að veita sérfræðimenntun í taugalækningum.

XVI. Aðrar greinar læknisfræði og sérfræðileyfi í fleiri en einni grein.

Veita má sérfræðileyfi í öðrum greinum læknisfræði en þeim, er að framan greinir, ef fullnægt er kröfum um sérmenntun að mati læknadeildar, að fengnum tillögum sérfræðinga í hlutaðeigandi greinum, ef til eru.

Með þeim undantekningum, sem á eftir greinir, getur enginn hlotið sérfræðileyfi nema í einni grein læknisfræði:

1. Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í barnalækningum og barnageðlækningum. Skilyrði eru tími í barnalækningum skv. II, 1, a og c og barnageðlækningum skv. II, 4, a og c og þar að auki skv. II, 1, d eða II, 4, d.
2. Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í geðlækningum og einni hliðargrein þeirra, þar með taldar barnageðlækningar. Skilyrði eru tími í aðalgrein samkv. III, 1, a og b og hliðargrein skv. III, 2, b og þar að auki tími skv. III, 1, c eða III, 2, c. Varðandi barnageðlækningar sem hliðargrein eru skilyrði tími skv. III, 1, a og b og II, 4, a og b og þar að auki skv. III, 1, c eða II, 4, d.
3. Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í skurðlækningum og einni hliðargrein þeirra. Skilyrði eru tími skv. XIII, 1, a og b og skv. XIII, 2.
4. Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í lyflækningum og einni hliðargrein þeirra. Skilyrði eru tími skv. X, 1, a og b, og skv. X, 2, b og þar að auki skv. X, 1, c eða X, 2, c.
5. Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í embættislækningum og annarri sérgrein. Skilyrði eru fullur tími í viðkomandi sérgrein að viðbættu minnst 6 mánaða námi í heilbrigðisfræði, félagslækningum og/eða heilsuvernd á viðurkenndum stofnunum, enda ljúki því með prófi eða vottorði (sbr. VII).
6. Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í tveimur greinum meinafræði. Skilyrði eru fullur tími (kafla XI) skv. a-lið í hvorri grein.

5. gr.

Heimilt er að synja lækni um sérfræðiviðurkenningu, þótt hann hafi fullnægt ákvæðum þessarar reglugerðar, ef læknadeild telur óeðlilega langan tíma liðinn frá því, er hann lauk samfelldu sérnámi og þar til umsókn barst.

III. Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. og 5. gr. læknalaga, nr. 80 23. júní 1969, öðlast gildi 1. maí 1970, og er jafnframt felld úr gildi reglugerð nr. 136 3. október 1961, um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

Kandidötum, sem lokið hafa læknaprófi við gildistöku þessarar reglugerðar, skal þó heimilt að haga almennu framhaldsnámi skv. I. kafla hinnar fyrri reglugerðar, ef námið er hafið innan 3ja ára, frá því að þessi reglugerð tekur gildi. Einnig skal læknum, sem hafa hafið sérfræðinám við gildistökuna, heimilt að haga sérnáminu og hljóta sérfræðiviðurkenningu skv. II. kafla eldri reglugerðarinnar til 1. maí 1974. Skal tekið fram í umsókn, ef slíkrar heimildar er óskað.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 19. marz 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Thors.

5. marz 1970.

Nr. 40.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 44 28. apríl 1954.

1. gr.

2. mgr. 20. gr. orðist svo:

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemgri tíma. Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. marz 1970.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.